

287. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FÖSTUDAGINN 1.FEBRÚAR 2019 KL.12:35

AUKAFUNDUR

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning.
- 2) Staða samninga um fjármál ríkis og kirkju.
 - a) Umræður um efni fundar forseta kirkjuþings.
- 3) Málefni Skálholts.
 - a) Staða Skálholtsbúsins.
- 4) Skipan í fagráð um meðferð kynferðisbrota.
- 5) Lóðarleigusamningur um lóð úr landi prestsetursjarðarinnar Saurbæjar, Hvalfjarðarsveitar.
- 6) Önnur mál.

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl 12:35. Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands stýrði fundi. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Stefán Magnússon (í gegnum skype - fjarfundarbúnað). Séra Arna Grétarsdóttir var fjarverandi.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Þorvaldur Víðisson biskupsritari, Guðmundur Þór Guðmundsson skrifstofustjóri biskupsstofu og Sigurbjörg N. Hansen fjármálastjóri biskupsstofu.

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjupings sat einnig fundinn ásamt séra Kristjáni Björnssyni, vígslubiskupi í Skálholti.

2. STAÐA SAMNINGA UM FJÁRMÁL RÍKIS OG KIRKJU

Forseti kirkjupings, Drífa Hjartardóttir, stýrði fundi fyrir í morgun, þar sem tveir af þremur fulltrúum kirkjunnar í samningaviðræðum við ríkið um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, kynntu stöðuna í viðræðunum. Á fundinn var kirkjuráð boðað, ásamt formönnum fastanefnda kirkjupings, framkvæmdastjóra kirkjuráðs, lögfræðingi kirkjupings og stjórnendum á Biskupsstofu.

Kirkjuráð mun taka málið fyrir á næsta fundi sínum.

3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Staða Skálholtsbúsins.

Fyrir er tekin fundargerð 58. fundar stjórnar Skálholts, 3. dagskrárliður.

Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að annast um að uppgjör fari fram við fyrrum ábúanda með þeim hætti að kirkjumálasjóður leysi til sín eignir þær sem hann vildi selja viðtakandi ábúanda. Þá yfirtaki kirkjumálasjóður skuldbindingar hans og aðilaskipti verði að skuldabréfi því sem er áhvílandi á jörðinni. Málinu að öðru leyti vísað til næsta fundar.

4. SKIPAN Í FAGRÁÐ UM MEÐFERÐ KYNFERÐISBROTA

Í nokkurn tíma hefur legið fyrir að kirkjuráð hefur þurft að skipa nýja fulltrúa í Fagráð um meðferð kynferðisbrota.

Kirkjuráð samþykkti að skipa Kjartan Bjarna Björgvinsson aðalmann og séra Örnú Ýrr Sigurðardóttur sem varamann í fagráðið og til 30. júní 2019 nk.

5. LÓÐARLEIGUSAMNINGUR UM LÓÐ ÚR LANDI SAURBÆJAR

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu varðandi lóðaleigu úr landi Saurbæjar.

Kirkjuráð samþykkti að taka málið upp á næsta fundi sínum.

6. ÖNNUR MÁL.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:05.

Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 13. febrúar nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Stefán Magnússon